

Nd.

28. Frumvarp til laga

[27. mál]

um breyting á lögum nr. 30 1. febrúar 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög nr. 56 30. nóvember 1914.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu kröfur, sem skipstjóri hefur stofnað til vegna úttektar á vistum til skipa þeirra, er síldveiðar stunda sumarið 1950, vegna síldveiðanna, njóta sjóveðsréttar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 30 1. febrúar 1936, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóvember 1914.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna fjárhagsörðugleika síldveiðiflotans sakir aflabrests á yfirstandandi síldarvertíð, sé mjög erfitt að fá keyptar vistir til skipanna, nema því aðeins að kröfur, sem stofnaðar hafa verið eða stofnaðar verða vegna kaupa á vistunum, verði látnar njóta sjóveðsréttar.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu kröfur, sem skipstjóri hefur stofnað til vegna úttektar á vistum til skipa þeirra, er síldveiðar stunda sumarið 1950, vegna síldveiðanna, njóta sjóveðsréttar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 12. ágúst 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.